

og ber því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð og fjárnámsgerð og eftirfarandi uppboðsréttarúrskurð og uppboðsgerð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndi, Ólafur Magnússon, greiði áfrýjendum málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 250 kr. til áðurnefndra eíğenda Lambastaða og 150 kr. til Steinunnar P. Bentsdóttur, þar með talin málssóknarlaun, 100 kr. til skipaðs talsmanns hennar fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og fjárnámshjörð og uppboðsréttarúrskurður og eftirfarandi uppboð er úr gildi felld.

Stefndi, Ólafur Magnússon, greiði að viðlagðri aðför að lögum, áðurnefndum eigendum Lambastaða, 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti og Steinunni P. Bentsdóttur, 150 kr. og eru þar í talin málsflutningslaun skipaðs talsmanns hennar fyrir hæstarétti, málflutningsmanns, Lárusar Fjeldsted, 100 kr.

---

Föstudaginn 19. jan. 1934.

Nr. 60/1932. **Ásdís Johnsen** (Jón Ásbjörnsson)  
gegn

**Þórði Eyjólfssyni, f. h. þrotabús G. J. Johnsen og Útvegsbanka Íslands h/f.**  
(Guðm. Ólafsson).  
(Th. B. Lindal)

Ógilding kaupmála.

*Dómur gestaréttar Reykjavíkur 31. marz 1932: Kaupmáli sá, er þau hjónin Gísli J. Johnsen og frú Ásdís John-*

sen gerðu 25. júlí 1927 og tilkynntur var til kaupmála-skrárinnar 3. september 1927 skal ógildur vera, og ber stefndu frú Ásdísi Johnsen að afhenda stefnanda, skiptaráðanda Þórði Eyjólfsyni, f. h. þrotabús Gísla J. Johnsen, eignir þær, er gerðar voru séreign hennar með nefndsen eignir þær, er gerðar voru séreign hennar með nefndum kaupmála og ber að láta skiptamerðferðina á þrotabúinu ná til þeirra. Málskostnaður falli niður.

Stefndur Útvegsbanki Íslands h/f sé sýkn af kröfum stefnanda, skiptaráðanda Þórðar Eyjólfssonar, f. h. þrotabús G. J. Johnsen og greiði stefnandi stefnda, Útvegsbanka Íslands h/f, 250.00 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnir eru þrír sólarhringar frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir gert þær kröfur fyrir hæstarétti, aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá undirrétti, en *til vara*, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandi verði algjörlega sýknaður eða til þrautavara, að komist rétturinn að þeirri niðurstöðu, að Gísli J. Johnsen hafi átt fyrir skuldum er kaupmáli sá, er um ræðir í málinu, var gerður, en skuldlaus eign hans hafi þó verið minni en verðmæti það, sem hann afhenti úr búi sínu með kaupmálanum, þá verði kaupmálinn talinn gildur annaðhvort einungis um húseignina Túngötu 18 eða einungis um innanstokksmunina, eftir því sem efni hrökkva til. Ennfremur krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati hæstaréttar af stefndum, Þórði Eyjólfsyni, f. h. þrotabús G. J. Johnsen. Áfrýjandi hefir og stefnt Útvegsbanka Íslands h/f hingað fyrir réttinn til að gæta réttar sins, en hefir engar kröfur á hann gert. Af hálfu stefnds,

Þórðar Eyjólfssonar f. h. þrotabús G. J. Johnsen hefir verið krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti. Sömu kröfur eru gerðar af hálfu stefnds, Útvegsbanka Íslands h/f, að því er hann snertir.

Ekki verður talið að þvílíkur dráttur hafi orðið á höfðun málsins fyrir undirréttinum, að þess vegna hefði átt að vísa því frá honum og verður ómerkingarkrafan því ekki tekin til greina.

Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða dómi, þá gerðu þau Gísli J. Johnsen og kona hans, áfrýjandi þessa máls, með sér kaupmála árið 1927. Kaupmálinn var undirritaður 25. júlí, tilkynntur hinn 3. sept. og skrásettur 5. sept., skv. 38. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 20, 20. júní 1923 öðlast kaupmálinn gildi tilkynningardaginn, þ. e. 3. sept. 1927. Löggerningur þessi fór því fram þennan dag og hvílir sönnunarbyrði þess, að Gísli J. Johnsen hafi þá átt fyrir skuldum á áfrýjanda, því að þrátt fyrir orðalag 27. gr. laga nr. 25, 14. júní 1929 verður að telja, að með greininni sé sönnunarbyrðin lögð á viðsemjanda þrotamanns. Nú eru engin gögn fyrir hendi, sem segi beinlínis til um það hvernig efnahagur Gísla J. Johnsen var 3. sept. 1927. En af þeim mörgu gögnum, sem aðiljar hafa lagt fram bæði í undirrétti og hæstarétti og þeir telja að óbeint megi sjá efnahaginn um þessar mundir af. Þá verður einkum að styðjast við efnahagsreikning Gísla J. Johnsen pr.  $3\frac{1}{12}$  1927. Að taka verður þann efnahagsreikning fram yfir þann frá  $3\frac{1}{12}$  1926 kemur bæði af því hvernig sönnunarbyrði í málinu er háttað, en einkum af hinu hve seint á árinu kaupmálinn tók gildi og að þá var um liðinn sá hluti ársins, sem ætla má að mestu hafi ráðið um efnahag G. J. Johnsens, sem

sé aðalvertíðartími vélbáta. Með efnahagsreikningnum frá  $3\frac{1}{2}$  1927 verður hinsvegar að telja sönnur færðar að því, hvernig efnahagurinn var þá, að svo miklu leyti sem reikningurinn er ekki beint sannaður rangur eða líkur færðar fyrir að hann sé óábyggilegur, og er þá þess að gæta að erfiðara hlýtur áfrýjanda að vera að fá reikningnum breytt sér í vil en þrotabúinu þar sem hann er saminn af sjálfum manni áfrýjanda og trúnaðarmönnum hans. Ennfremur ber að hafa það í huga, að þótt ekki sé færðar að því fullar sannanir þá eru fram komnar nokkrar líkur fyrir að við samning reikningsins hafi verið allmjög stuðst við eigið mat Gisla J. Johnsen á eignunum. Loks verður að muna við athugun reikningsins og gagnrýning hans, að sönnunarbyrðin hvílir skv. 27. gr. gjaldþrotalaganna aðallega á áfrýjanda, svo sem áður var tekið fram.

Efnahagsreikningurinn frá  $3\frac{1}{2}$  1927 er vefengdur af hálfu beggja, áfrýjanda og þrotabúsins. Skulu nú þeir liðir reikningsins sem ágreiningur er um athugaðir.

1. Fasteignirnar í Vestmannaeyjum eru færðar á 417731,54 kr. til frádráttar koma þó 21112,60 kr., sem færðar eru skuldamegin og virðast vera fyrning eigna þessara á fyrri árum. Sýnist því svo sem eignirnar sé raunverulega taldar á reikningnum með 396618,94 kr. Áfrýjandi telur verðmæti eignanna hafa verið miklu meira en þetta. Styður hann mál sitt með tilvitnunum í söluverð eignanna og fasteignamat 1930, sem hann raunar vill telja allt of lágt hvorttveggja. en hyggst þó geta reiknað út frá til sannvirðis. Þegar tekið er tillit til viðbóta á eignunum eftir 1927 og verðhækkunar þeirra á síðari reikningum G. J. Johnsen fram að

gjaldþroti þá verður að telja upplýst, að söluverð eigna þeirra, sem með var reiknað 1927, hafi reynzt 373656,54 kr. eða 394656,54 kr., ef tekið er til lit til ágóða Útvegsbankans á einni af eignum þessum en hana seldi hann skömmu eftir kaupin með 21000,00 kr. ágóða. Sé með sama hætti ályktað út frá fasteignamatinu 1930 á öllum þeim eignum, er hér koma til greina og þá voru metnar að því er áfrýjandi heldur fram á 422400,00 kr. og er þeirri upphæð ekki nægilega mótmælt af hálfu þrotabúsins, þá reynist verðmæti þeirra eigna, sem reiknað var með  $3\frac{1}{2}$  1927, h. u. b. 325000,00 kr. að fasteignamati, til viðbótar þessu fasteignamatsverði kemur þó verðmæti bryggju og uppfyllingar, þar sem upplýst er fyrir hæstarétti að ekki var til lit til þess tekið við matið. Af hálfu áfrýjanda er því nú haldið fram, að þessa eign hafi 1927 mátt telja 180000,00 kr. virði. En hér við er þess að gæta, að G. J. Johnsen sjálfur hefir í mati því á eignum sínum, sem hann hefir gert í sambandi við efnahagsreikninginn  $3\frac{1}{2}$  1926, talið eignina þá einungis 110000,00 kr. virði, og er ekki sýnt að verðmæti hennar hafi aukizt á árinu 1927. Meira virði en 110000,00 kr. virðist því ógjörlegt að telja bryggju og uppfyllingu. Sé nú þeirri upphæð bætt við „fasteignamatsverð“ það, sem fundið var sem áður segir. verður það alls 435000,00 kr., og þótt e. t. v. megí deila um suma liði þess útreiknings, er hann a. m. k. ekki áfrýjanda í óhag.

Að visu er það ómótmælanlegt, að því lík skyndisala á stóreignum, sem hér átti sér stað, er harla lítil sönnun um raunverulegt verðmæti þeirra. Sama má einnig segja um fasteignamat, en þar sem hér er um bersýnilegt samræmi að ræða milli bók-

færðs verðs eignanna  $3\frac{1}{12}$  1927. Söluverðs þeirra 1929 og eftir gjaldþrotið og fasteignamatsins 1930, virðist ógerlegt að reikna með hærra verði en tilfært er á efnahagsreikningnum 1927 sem sé 417731,54. Gegn frekari hækkun mæla og þau atríði öll, sem áður var umgetið, að sérstaklega yrði að hafa í huga við athugun reikningsins. Hinsvegar virðist ágóði útvegsbankans á þeirri einu eign af þeim, sem til voru 1927, og upplýst er að hann hafi selt og annari, er bættist við eftir 1927, og nam samtals 36000,00 kr., gefa heimild til að draga ekki frá verði eignanna 1927 fyr um getnar 21112,60 kr., og má þó um það deila. En af öllu þessu ætti það þó að vera ljóst, að kröfur þær, er komið hafa fram um frekari lækkun á þessum lið verða ekki til greina teknar.

2. Túnggata 18 er færð á kr. 139887,47 ÷ 2189,12, sem eru færðar skuldamegin sem fyrning frá fyrri árum, að því er virðist. Þessi eign var afhent úr eign G. J. Johnsen með kaupmála og á því bersýnilega ekki að telja hana hér með. Liðirnir falla því báðir niður.

3. Vélar í áburðarverksmiðjunni eru færðar á 113750,45 kr. Þegar litið er til þess, að eign þessi seldist á árinu 1929 fyrir 115000,00 kr., sem koma húinu að fullu til hags, þá verður að leggja það verð, sem í reikningnum er tilfært til grundvallar, því að ekki þykir næg ástæða til að hækka það.

4. Vélbátar eru færðir á 155480,82 kr. Upplýst er að bátarnir hafi í upphafi ársins 1927 verið metnir af trúnaðarmönnum bátaábyrgðarfélagsins í Vestmannaeyjum á 206780,67 kr. Auk þess er því haldið fram af áfrýjanda, að við hafi bæzt einn bátur á árinu, 8000,00 kr. að verðmæti. Þar sem ekki er upp-

lýst eftir hverjum reglum þessir matsmenn fara í starfi sínu, en einkum vegna sjónarmiða þeirra, sem áður greinir um mat á sönnunargildi reikningsins, þá verður að halda sér við upphæð þá, sem þar er tilfærð, enda um einhverja verðryrnun bátanna á árinu að ræða.

5. Erlendar vörur eru færðar á 166240,00, þó gera megí ráð fyrir að aðferð sú, er G. J. Johnsen hefir beitt til að ná þessari upphæð, sem sé að slá 33⅓% af brúttóverði varanna, sé ekki fulltryggur mælikvarði á raunverulegt verðmæti þeirra, þá hafa ekki af þrotabúsins hálfu verið færð nein gögn fyrir með hverjum öðrum hætti hefði verið hægt að ná réttari niðurstöðu, og verður því þessi liður ekki lækkaður.

6. Hlutabréf eru færð með 174766,00 kr. Af þrotabúsins hálfu hefir nú að vísu verið gert líklegt, að sum bréfanna, einkum Íslandsbanka og h/f Íslands, hafi verið minna virði en tilfært er á skrá, sem þessum lið til skýringar hefir verið lögð fram í hæstarétti. En því hefir þó ekki tekizt að sýna fram á raunverulegt verð bréfanna í árslok 1927, enda hér ekki um verulegar upphæðir til lækkunar að ræða. Hinsvegar hefir áfrýjandi fært líkur fyrir, að verð sumra bréfanna, einkum h/f Hamars og h/f Hrannar, hafi verið meira virði en talið er á skránni. Sýnist því sem mætast megí láta hér það sem oftalið kann að vera og vantalið.

7. veiðarfæri eru færð með 136553,41 kr. Telja verður, að sannað sé, að hér hafi verið um að ræða raunverulegt verðmæti. Þannig er upplýst hér fyrir réttinum, að í árslok 1927 hafi þegar verið búið að kaupa veiðarfæri til þeirra þriggja stóru báta, sem G. J. Johnsen fékk um áramótin 1927 til 1928, og er

þannig gerð grein fyrir hækkun bókfærðs verðs veiðarfæra á reikningnum 1927 frá reikningnum 1926, enda engin slík hækkun 1928 frá 1927.

8. Útistandandi skuldir eru færðar á 570065,89 kr. Það er uplýst að alls voru útistandandi skuldir G. J. Johnsen í árslok 1927 skv. bókum hans, sem efna-hagsreikningurinn er gerður eftir 772752,16 kr. Viðurkennt er að í þessari upphæð eru færðir ýmsir liðir, sem hvað sem verðmæti þeirra kann að liða, eru ekki réttilega taldir til útistandandi skulda og nema þeir samtals 281270,11 kr. Þá eru skuldir, sem samkvæmt bókunum virðast fyrndar að upphæð 14560,43 kr. Loks eru skuldir, sem virðist hafa verið taldar einskisverðar og færðar eru í svonefnda „B. D.“ bók, að upphæð 25885,48 kr. Þegar finna á raunverulegar útistandandi skuldir ber því að draga þessar þrjár upphæðir frá 772752,16 og verða þá eftir 451036,14 kr.

Bersýnilegt er að raunverulegt verðmæti útistandandi skulda var hvergi nærri svo hátt, sem þetta nafnverð þeirra segir til. Hér var um gamalt stórfyrirtæki að ræða og varð því samkvæmt þeirri reynslu, sem fengin er um verðmæti útistandandi skulda hjá því líkum fyrirtækjum að gera ráð fyrir mjög verulegum afföllum, Til hliðsjónar hefir á það verið bent af hálfu þrotabúsins, að við gjaldþrot G. J. Johnsen hafi nafnverð útistandandi skulda hans verið h. u. b. 255000,00 kr., en þær hafi ekki selst nema fyrir 19500,00 kr. og upplýst er hér fyrir réttinum, að enn hefir ekki tekizt að innheimta fullar 10000,00 kr. af þessum 255000,00 kr. Þar sem engin fullnægjandi gögn eru fyrir hendi um mat þessa mjög svo vafasama liðs, en sönnun-arbyrðin í málinu hvílir á áfrýjanda, þá verður

ekki hjá því komizt að lækka þennan lið um a. m. k. 50% og þá þessar 451036,14 kr. í hæsta lagi metandi á 225000,00 kr.

Svo sem fyrr segir þá voru meðal útistandandi skulda taldar 281270,11 kr., sem viðurkennt er, að ekki eru rétt færðar, þar sem þetta voru „skuldir“ nokkra fyrirtækja eða starfsrækslugreina G. J. Johnsen sjálfs. Hér fyrir réttinum liggur sundurliðun á þessari upphæð og má telja sannað, að hér í eru fólgin nokkur raunveruleg verðmæti. Fyrst og fremst hin svonefnda spítalaskuld, að upphæð 64433,71 kr., þar sem spítalinn var á þeim tíma, sem hér hefir þýðingu enn í eign G. J. Johnsen, en „skuld“i þessi var nokkur hluti þess verðmætis, er G. J. Johnsen hafði lagt í spítalann, er hann svo um þessar mundir gaf Vestmannaeyjakaupstað. Þótt nú vafasamt megi telja hvert söluverðmæti Gísla J. Johnsen hafi verið í spítalanum mundi hann þó ætíð hafa verið einhvers virði og sýnist því upphæðin 64433,71 kr. naumast tortryggileg, enda engin ákveðin gögn fyrir hendi til lækkunar. Önnur raunveruleg verðmæti eru: Sjómannaheimili 13754,88 kr., frystihús 7798,83 kr., óeydd kol beinamjölsværksmiðju 13320,00 kr., óeydd síld 3689,04 kr., og 140 kr. Samtals verða þá þessar sex upphæðir 103136,46 kr. Og verður að telja þá upphæð til eigna. Að öðru leyti en þessu hefir áfrýjanda ekki tekizt að gera grein fyrir að um raunveruleg verðmæti hafi verið að ræða í þessum 281270,11 kr.

Af því sem nú hefir verið sagt er sýnt, að í stað liðsins „útistandandi skuldir“, eiga að koma tveir liðir: Útistandandi skuldir að upphæð 225000,00 kr. og ýms önnur verðmæti að upphæð 103136,46 kr.

Eru það samtals 328136,46 kr. og eru þá 241929,43 kr. of taldar undir þessum lið.

Um aðra liði eignamegin en þessa virðist ekki vera ágreiningur og eru þeir því ekki gerðir hér sérstaklega að umtalsefni. Samtals námu eignirnar á efnahagsreikningnum 2064648,92 kr. Oftalið var eignamegin: Túngata 18 á 139887,47 og meðal úti-standandi skulda 241929,43, sem samtals verða 381816,90. Þessa síðustu upphæð ber því að draga frá 2064648,92 kr. og verða þá eftir 1682832,02 kr., sem er sú upphæð, er eignirnar verða skv. framansögðu að teljast á.

Þá er að athuga skuldir þær, sem á G. J. Johnsen eru taldar hvíla í efnahagsreikningnum  $3\frac{1}{2}$  1927. Fallast verður á það með áfrýjanda, að meðal eigin víxla sé oftalin 60000,00 kr. víxilsskuld við Íslandsbanka frá  $2\frac{3}{12}$  1927, því að áfrýjandi var samþykkjandi þessa víxils og setti húseignina Túngötu 18 að veði fyrir greiðslu skuldarinnar, og hvíldi hún því fyrst og fremst á áfrýjanda. En áfrýjandi tók, að því er eindregið er haldið fram af hennar hálfu, og raunar fallizt er á af þrotabúsins hálfu, skuld þessa að sér sem einskonar endurgjald fyrir verðmæti þau, sem henni hlotnuðust með kaupmálanum, og er því alveg ljóst að skuldina á ekki að telja hér með. Hinsvegar verður það ekki talið rétt, að liðurinn fyrirfram greidd grunnleiga sé hér ranglega talin með áhvilandi skuldum, því að hér var um raunverulega skuld G. J. Johnsen að ræða. Að þessu athuguðu verður að telja áhvilandi skuldir G. J. Johnsen í árslok 1927 hafa verið veðskuldir 9857,50 kr. og aðrar skuldir 1794752,49 kr., en þar frá dragast 60000,00 kr. og verða þá áhvilandi skuldir alls 1744609,99 kr.

Skuldir umfram eignir eru því samkvæmt framansögðu  $1744609,99 \div 1682832,02 = 61777,97$ . En hér við bætist það, að með bréfi N. Manschers og Björns Árnasonar frá 17. júní 1929 er upplýst að vanfært tap G. J. Johnsen skv. efnahagsreikningnum í árslok 1927 var 77358,04 kr. Þótt ekki sé gerð grein fyrir því í einstökum atriðum, hvernig upphæð þessi er fengin, hlýtur annaðhvort að vera um offærslu á bókfærðum eignum eða vanfærslu á áhvilandi skuldum að ræða, og ber því að bæta þessari upphæð við skuld þá, sem telja verður að G. J. Johnsen hafi verið í þann  $3\frac{1}{2}$  1927 að svo miklu leyti, sem ekki eru færð gögn fyrir, að til hennar hafi verið tillit tekið við mat eigna og áhvilandi skulda hér að framan. Nú þykir nægilega sýnt fram á það hér fyrir réttinum, að eignamegin hafi við athugun annara verðmæta en útistandandi skulda, sem undir þeim lið eru taldir sbr. 8 að framan, þegar verið dregnar frá 21723,57 kr. af þessum 77358,04 og verða þá eftir 55634,47 kr. Þeirri upphæð ber því að bæta við 61777,97 og koma þá 117412,44 kr. sem telja verður skuldir G. J. Johnsen hafi numið umfram eignir í árslok 1927.

Skv. þessu hefir áfrýjanda ekki tekizt að sanna, að G. J. Johnsen hafi átt fyrir skuldum í árslok 1927 og hefir hér þó ekki verið hreyft við verðmætum vörubyrögða né spitalaskuldinni né heldur dregið frá verðmæti fasteigna í Vestmananeyjum sú upphæð, 21112,60 kr., sem þegar virðist hafa verið búið að afskrifa, en breyting á þessum liðum öllum hefði verið G. J. Johnsen í óhag. Þar sem áfrýjandi hefir ekki fært líkur á betri fjárhag G. J. Johnsen 3. sept. 1927 en 31. dez. 1927, a. m. k. ekki svo

neinu nemi. Þá verður að telja sama máli gegna um bæði þessi tímamörk.

Þessari niðurstöðu um efnahag G. J. Johnsen um þessar mundir er og til stuðnings bréf útbússtjóra Íslandsbanka í Vestmannaeyjum, dagsett 15. okt. 1927, en afrit þess hefir verið lagt fram í hæstarétti. Útbússtjórinn mátti vera allra manna kunnugastur efnahag G. J. Johnsen, en af bréfi hans sést, að þá hafi G. J. Johnsen verið í mestu fjárhagskröggum og algeru greiðsluþroti. Þrátt fyrir þetta hefði G. J. Johnsen að vísu getað átt fyrir skuldum, en frásögn útbússtjórans styður samt mjög þá niðurstöðu um eignaleysi G. J. Johnsen, sem náð hefir verið með öðrum hætti.

Að því er snertir þrautavarakröfu áfrýjanda er þess að geta að skv. kaupmálanum sjálfum er verðmæti það, sem með honum var afhent metið á 116000,00 kr. alls, en þar frá ber svo að draga 60000,00 kr. þær, sem telja verður að áfrýjandi hafi af höndum innt til endurgjalds og eru þá ekki nema 56000,00 kr. eftir, sem áfrýjandi hefir fengið skuldaust skv. kaupmálanum. Skuldir G. J. Johnsen umfram eignir virðast undir öllum kringumstæðum hafa numið hærri upphæð en þetta og verður þrautavarakrafan þegar af þeirri ástæðu ekki tekinn til greina.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Rétt þykir að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, að öðru leyti en því, að áfrýjandi greiði stefnda, Útvegsbanka Íslands h/f 100 kr. í málskostnað, þar sem ástæðulaust virðist hafa verið að stefna bankanum hingað fyrir réttinn.

Mál þetta var þingfest í hæstarétti í júní 1932. Síðan hafa málflutningsmennirnir mjög oft fengið

í því fresti og það því dregið svo að það er ekki flutt fyrr en nú í janúar 1934. Dráttur þessi er að visu að nokkru leyti réttlættur með veikindaforföllum hæstaréttarmálaflutningsmannanna, Jóns Ásbjörnssonar og Guðmundar Ólafssonar, en þó verður ekki hjá því komið að víta þá fyrir þenna langa drátt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, frú Ásdís Johnsen, greiði, Útvegsbanka Íslands h/f, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, en að öðru leyti falli málskostnaður í hæstarétti niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarétti Reykjavíkur með stefnu, útgefinn 16 febrúar 1931, af Þórði Eyjólfssyni, skipuðum skiptaráðanda í þrotabúi Gísla J. Johnsen konsúls og útgerðarmanns í Reykjavík, er tekið var til skipta í nóvembermánuði 1930, gegn frú Ásdísi Johnsen, Túngötu 18, Reykjavík og Útvegsbanka Íslands h/f. Fyrir réttinum hefir stefnandi gert þær réttarkröfur, að kaupmála þeim, er útgerðarmaður Gísli J. Johnsen gerði við konu sína 25. júlí 1927 og tilkynntur var 3. sept. 1927 til kaupmálaskrárinnar, sé riftað og að eignir þær, er getur í nefndum kaupmála, verði viðurkenndar sem eign þrotabúsins og enn fremur að riftað verði veðsetningu frú Ásdísar Johnsen, gerðri 23. dez. 1927 (í veðbókarvottorði og stefnunni stendur 23. dez. 1928 en það virðist vera ritvilla, sbr. rjksl. nr. 36 og nr. 37) til Íslandsbanka, er banka þessum var veittur með 1 veðrétti í húseigninni Túngötu 18 fyrir

kr. 60000,00. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar að skaðlausu eða að mati réttarins.

Nánari tildrög málsins telur stefnandi vera þau, að með umræddum kaupmála hafi þau hjónin, Gísli J. Johnsen og frú Ásdís Johnsen, komið sér saman um, að allir innanstokksmunir og húsgögn, sem þau áttu, er kaupmálinn var gerður eða síðar kynnu að eignast, skyldu vera séreign konunnar og öllum skuldbindingum félagsbúsins óviðkomandi og ennfremur að húseignin nr. 18 við Túngötu í Reykjavík með öllu múr- og naglföstu, lóð og mannvirkjum skyldi vera séreign konunnar og á sama hátt skuldbindingum félagsbúsins óviðkomandi og hafi eignum þessum síðar verið haldið utan við gjaldprotaskiptin. Telur stefnandi að Gísli J. Johnsen hafi ekki átt nægilegt fé fyrir skuldum á þeim tíma, er kaupmálinn var gerður og sé kaupmálinn þess vegna ógildur skv. 27. gr. laga nr. 25, 14. júní 1929, og beri að láta skiptameðferð búsins ná til eigna þeirra, er ráðstafað hefir verið með kaupmálanum. Ennfremur telur stefnandi, að veðrétti Útvegsbanka Íslands h/f. samkvæmt veðbréfi frú Ásdísar Johnsen. dags. 23. dez. 1927, beri að rifta samkvæmt 28. gr. laga nr. 25, 1929.

Stefnda, frú Ásdís Johnsen, hefir gert þær réttarkröfur, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hún verði algerlega sýknuð af kröfum stefnanda, bæði kröfunni um riftun kaupmálans og málskostnaðarkröfunni og henni verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt taxta málaflutningsmannafélags Íslands h/f, en til vara eftir mati réttarins. Stefndur, Útvegsbanki Íslands h/f. gerir þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur riflegur málskostnaður. —

Frávísunarkröfuna byggir stefnda, frú Ásdís Johnsen, á því, að í 30. gr. laga nr. 25 frá 1 $\frac{1}{2}$ % 1929 um gjaldprotaskipti, sé svo ákveðið, að höfða skuli riftunarmál samkvæmt þeim lögum tafarlaust þegar skiptafundur hefir tekið ákvörðun um það. Ákvörðunin um höfðun þessa máls hafi verið tekin á skiptafundi 24. janúar 1931. en stefna í því ekki gefin út fyr en 16 febrúar s. á. og málið þingfest 18. s. m. Hafi málshöfðunin þannig dregið í nánara tilgreint þrjár vikur frá því að ákvörðun var tekin um hana.

Þá skírskotar stefnda ennfremur máli sinu til stuðnings til þess, að í gjaldþrotalögum nr. 7, 13. apríl 1894. sem numin voru úr gildi með lögum nr. 25 frá 1929, hafi verið mælt svo fyrir, að riftunarmál skyldi höfðað innan fjöggra vikna eftir skiptafund þann, er kröfurnar hafi verið rannsakaðar á, ef þau skyldu flutt í lögsagnarumdæminu, en ef þau skyldu höfðuð í öðru lögsagnarumdæmi, þá skyldu hinar nauðsynlegu ráðstafanir til þess gerðar innan 12 vikna frá sama tíma. Þar sem nú í núgildandi lögum sé ákvæði um, að riftunarmál samkvæmt þeim skuli höfðað tafarlaust eftir ákvörðun skiptafundar þar um, hljóti meiningin með þessum nýju ákvæðum einvörðungu að hafa verið auk annara breytinga á skilyrðunum til málshöfðunar — sú að stytta frestinn til málshöfðunar frá því sem áður var og úr því að svo hafi verið, þá þurfi varla að deila um það, að hann hafi verið stytur um meir en t. d. hálfa viku. Þessu til andsvara bendir stefnandi á það, að í jafnstóru máli sem þessu hafi þurft nokkurn tíma til undirbúnings málssókninni. Þá neitar stefnandi því, að hægt sé að nota 32. gr. laga nr. 7 frá 1894 til skýringar á 30. gr. núgildandi laga. Gömlu lögin hafa miðað málshöfðunarfrestinn við skiptafund þann, er kröfurnar hafa verið rannsakaðar á, en núgildandi lög miði við fund þann, er ákvörðun um málssóknina er tekin á, án tillits til, hvenær hann er haldinn og sé þannig samkvæmt lögum nr. 25 frá 1929 hægt að taka ákvörðun um málshöfðun, hvenær sem er, á meðan á skiptunum stendur.

Rétturinn getur ekki fallizt á, að frávísa beri málinu. Samkvæmt tilvitnaðri grein laga nr. 25 frá 1929 er svo ákveðið, að mál til riftingar ráðstöfunum 19.—28. gr. sömu laga skuli rekið með hæfilegum hraða. Mál það, er hér liggur fyrir til dómsáleggingar er mjög umfangsmikið. Hefir sókn þess og vörn tekið ár, og virðist aðillar þó vera sam-mála um, að það hafi verið rekið með hæfilegum hraða, en undirbúning málsins verður að líta á með hliðsjón af því, hversu málið er umfangsmikið. Að þessu athuguðu, svo og því, að ekki eru í gjaldþrotalögum ákveðin tak-mörk fyrir því. Hvenær riftunarmál verði síðast höfðað, þykir ekki rétt að taka frávisunarkröfuna til greina.

Um efni málsins skal það fyrst athugað, að málsaðiljar eru ekki sammála um, hvenær kaupmálinn milli hjónanna

G. J. Johnsen og frú Ásdísar Johnsen hafi öðlazzt gildi. Heldur stefnda því fram, að gildi hans beri að reikna frá þeim tíma, er hann var undirritaður af hjónunum, en það var 25. júlí 1927. Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að gildi hans reiknist frá tilkynningardegi, 3. september 1927, og verður rétturinn að fallast á þá skoðun. Verður ekki séð, að 27. gr. gjaldþrotalaganna geri neina breytingu á viðurkenndum reglum um gildistöku kaupmála.

Með því að ekkert yfirlit finnst um efnahag gjaldþrota dag þann, er kaupmálinn tók gildi, hefir stefnda til sönnunar því að gjaldþroti hafi átt þá fyrir skuldum, lagt fram efnahagsyfirlit hans við næstu áramót á undan, það er pr. 31. dez. 1926, samið af gjaldþrota G. J. Johnsen sjálfum, og sýnir efnahagsyfirlit þetta skuldlausu eign kr. 411249.54 og jafnframt lagt fram mat gjaldþrota sjálfs á eignum sínum, eins og þær voru á sama tíma, er sýnir skuldlausu eign kr. 841251.10. Stefnandi krefst þess hinsvegar, að efnahagsreikningur gjaldþrota pr. 31. dez. 1927 sé lagður til grundvallar við rannsókn á því, hvort gjaldþroti hafi átt fyrir skuldum 3. sept. 1927. Með tilliti til þess, hversu seint á árinu 1927 kaupmálinn tók gildi, þykir verða að hafa aðallega hliðsjón af efnahagsreikningnum pr. 31. dez. 1927, er skera skal úr því, hvort gjaldþroti G. J. Johnsen hafi átt nægilegt fé fyrir skuldum við gildistöku kaupmálans.

Skulu nú hinir einstöku liðir á efnahagsreikningi Gísla J. Johnsen athugaðir, eftir því sem málfærslan gefur til efni til.

### *I. Fasteignir í Vestmannaeyjum:*

Þær eru bókfærðar á efnahagsyfirlitinu pr. 31. dez. 1926 með kr. 376618.94. Gjaldþroti metur þær sjálfur á kr. 500000.00. Auk þess færir gjaldþroti matsverð á bryggju og uppfyllingu kr. 110000.00. Á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1927 eru fasteignir í Vestmannaeyjum bókfærðar á kr. 417731.54. Stefnda heldur því nú fram að eignir þessar hafi verið kr. 500000.00 virði á þeim tíma er kaupmálinn tók gildi, og visar því til sönnunar til þess, að þær hafi selst fyrir nærfelt kr. 525000.00. Aðaleignirnar keypti Útvegsbanki Íslands h/f fyrir kr. 309625.00. Þá heldur stefnda því og ómótmælt fram, að beinamjölverk-

smiðja, sem Gísli J. Johnsen átti, hafi selst 1929 fyrir kr. 215000,00 með vélum. Þar af telur stefnda vélarnar kr. 115000,00. Ennfremur segir hún að aðrar þessar eignir hafi selzt á kr. 79000,00 + gróða Útvegsbanka Íslands h/f á Breiðabliki og frystihúsinu. Loks kveður stefnda fasteignamat allra þessara eigna hafa verið kr. 422400,00 1930; sé við það bætt 25%, en það sé ekki of í lagt, er reikna skal sannvirði, verði útkoman 528000,00.

Það skal strax hér tekið fram, að liðurinn, bryggjur og mannvirki, verður að teljast innifalinn í þeim eignum, sem rætt er um hér að framan. Þessa liðs er ekki sérstaklega getið á efnahagsreikningnum pr. 31. dez. 1927, en aftur á móti á efnahagsreikningunum pr. 31. dez. 1928 og pr. 31. okt. 1929, en þá lækkar líka nokkuð bókfært verð á öðrum fasteignum í Vestmannaeyjum. Eftir skjölum málsins verður bryggja þessi og mannvirki að teljast innifalinn í söluverði fasteigna í Vestmannaeyjum við gjaldþrot Gísla J. Johnsen. Skýrsla endurskoðendanna, rjskjl. nr. 30 virðist og taka af allan vafa um þetta síðast nefnda atriði. Stefndandinn neitar því að fasteignirnar í Vestmannaeyjum hafi verið svo mikils virði sem stefnda vill vera láta. Vísar stefnandi máli sínu til stuðnings til þess, að í ársbyrjun 1925 hafi fasteignir í Vestmannaeyjum verið bókfærðar á kr. 258243,15, en í árslok sama ár á kr. 378910,00. og sé sagt, „að eignirnar séu færðar upp í matsverð“ um mismuninn eða kr. 120666,85. Stefnda heldur því hinsvegar fram, að uppfærsla þessi stafi af miklum framkvæmdum á árinu 1925.

Eins og áður er sagt eru fasteignir í Vestmannaeyjum bókfærðar pr. 31. dez. 1927 á kr. 417731,54. Á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1928 eru þær bókfærðar á kr. 475800,00 og auk þess frystihúsið á sérstökum lið á kr. 10000,00 og frystihúsvélar á kr. 13500,00. Á efnahagsreikningi pr. 31. okt. 1929 eru eignir þessar bókfærðar með sömu upphæðum og pr. 31. dez. 1928 nema nú er frystihúsið bókfært á kr. 20000,00. Hér liggur því fyrir mjög mikil hækkun á efnahagsreikningnum pr. 31. dez. 1927, en ekki verður séð á málsskjölunum hvort hækkun þessi stafar að meira eða minna leyti af stækkun fasteignanna á þessu tímabili. Þó liggur nærri að ætla, að frystihúsið hafi verið fyrst bókfært 31. dez. 1928, með því að það er

þá og eftir það fært á sérstökum lið jafnframt því sem bókfært verð á öðrum fasteignum hækkar. Þar sem nú stefnda hefir sýnt fram á söluverð fasteigna í Vestmannaeyjum, en hinsvegar upplýsingar vanta um, hvort hækkun á efnahagsreikningunum pr. 31. dez. 1928 og pr. 31. okt. 1929 stafi ekki af stækkun fasteignanna, þó því sé ekki sérstaklega haldið fram af stefnda. Þykir rétt að leggja hið bókfærða verð á efnahagsreikningnum pr. 31. dez. 1927 til grundvallar um verð fasteignanna í Vestmannaeyjum.

## *II. Túngata 18 Reykjavík:*

Húseign þessi er bókfærð á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1927 á kr. 139887,47 ÷ fyrningu kr. 2189,12 = kr. 137698,35. Stefndandi krefst þess, að liður þessi falli alveg niður, en hinsvegar krefst stefnda þess, að kr. 60000,00 í eign þessari séu teknar til greina, er gerður er upp efnahagur gjaldþrota við gildistöku kaupmálans, með því að hún hafi með veðbréfi dags. 23. dez. 1927 veitt einum aðal-kreditor manns síns, Íslandsbanka, veð fyrir nefndri upphæð í húsinu. Á þetta getur rétturinn ekki fallist þegar af þeim ástæðum að gera á upp efnahag Gísla J. Johnsen á þeirri stundu, er kaupmálinn tók gildi, og ennfremur sökum þess. að veð þetta er aðeins veitt einum af skuldheimtumönnum búsin, en ekki öllum skuldheimtumönnum í sameiningu. Veðið er auk þess veitt fyrir láni, sem virðist vera tekið á sama tíma sem veðið er veitt, en ekki fyrir láni, sem stafaði frá því fyrir gildistöku kaupmálans. Upphæð þessa væri því aðeins hægt að taka til greina, að sannað væri að efnahagur gjaldþrota hefði versnað sem upphæðinni nemur frá gildistöku kaupmálans til þess tíma, er efnahagsreikningurinn pr. 31. dez. 1927 var gerður, en að svo hafi verið, verður ekki séð af gögnum málsins. Verður liður þessi því að koma til frádráttar með fullri upphæð.

## *III. Vélar í áburðarverksmiðjunni:*

Bókfært verð á þeim er á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1927 kr. 154380,45 ÷ áður afskrifað kr. 40630,00 = 113750,45. Krefst stefnda þess með tilvísun til söluverðs verksmiðjunnar 1929, sem ekki hefir verið mót-

mælt, að vélarnar séu reiknaðar á kr. 145000,00; telur hún ekki of í lagt, að þær hafi fyrnst um kr. 30000,00 frá gildistöku kaupmálans til þess er verksmiðjan var seld. Stefnandi krefst hinsvegar lækkunar á þessum lið með skírskotun til að vélarnar eru bókfærðar á kr. 85170,00 á efnahagsreikningnum pr. 31. dez. 1925. Gegn þessu staðhæfir stefnda, að mikið hafi verið aukið við vélarnar árin 1925 og 1926 og leggur fram vottorð frá Þ. Runólfsyni vélfræðing um að svo hafi verið. Hefir nefndur vélfræðingur staðfest vottorðið fyrir rétti. Rétt þykir að þessu öllu athuguðu að leggja söluverð vélanna kr. 115000,00 til grundvallar.

#### IV. Vélbátar og veiðarfæri:

a) *Vélbátar.* Þeir eru bókfærðir á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1927 á kr. 191508,72 ÷ áður afskrifað kr. 36027,90 = kr. 155480,82. Af trúnaðarmönnum bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja eru þeir virtir í ársbyrjun 1927 á kr. 206780,67. Ábyrgðarupphæð þeirra var á sama tíma kr. 165424,55. Á árinu 1928 hækkar bókfært verð bátanna um ca. 125000,00 krónur upp í kr. 280157,72, og er ómótmælt talið að gjaldproti hafi á því ári bætt við sig þrem stórum vélbátum. Á efnahagsreikningi pr. 31. okt. 1929 eru þeir bókfærðir á kr. 267657,72. Við gjaldprotið seldust allir vélbátarnir að því er séð verður, ásamt veiðarfærum á kr. 161400,00. Stefnda krefst þess, að mat trúnaðarmanna bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja sé lagt til grundvallar, og bendir á, að mat bátaábyrgðarfélagsins sé tekið gilt af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem endurtryggi fyrir bátaábyrgðarfélagið; þá tekur stefnda og fram að ekki hafi bátaeign Gísla J. Johnsen minnkað á árinu 1927, og kemur það heim við samanburð á efnahagsreikningunum. Stefnandi mótmælir þessu og bendir á það hversu lágt bátarnir hafi selzt við gjaldprotið.

b) *Veiðarfæri o. fl. í mótorbátum.* Á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1927 eru veiðarfæri bókfærð á kr. 136553,41 en á efnahagsyfirliti pr. 31. dez. 1926 á kr. 88699,90 og það ár kom þessi liður fyrst fram á efnahagsreikningi gjaldþrota. Stefnandi heldur því fram, að þessi liður sé innifalinn í virðingarverði bátanna. Til

sönnunar því að svo sé ekki, hefir stefnda lagt fram vottorð frá bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja um að verðmæti veiðarfæra hafi aldrei verið tekið til greina við bátavirðingar félagsins. Þá hefir stefnda lagt fram vottorð frá nokkrum útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum (rjksl. nr. 40) því til sönnunar, að veiðarfærin séu ekki of hátt bókfærð. Hinsvegar hefir stefnda ekki bent á hvernig á hinna miklu hækkun á veiðarfærunum á árinu 1927 stendur, þegar bókfært verð sjálfra bátanna hækkar ekki svo nokkru nemi.

c) Með virðingargerð trúnaðarmanna bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja þykir stefnda nú hafa fært nokkrar líkur fyrir því, að mótorbátæignin hafi verið meiri en efnahagsreikningarnir pr. 31. dez. 1926 og pr. 31. dez. 1927 gefa til kynna. Hinsvegar hefir stefndu ekki tekizt að sanna eins og áður er sagt, hvernig stendur á hækkuninni á veiðarfærunum árið 1927 sbr. og að ekkert er afskrifað af veiðarfærum á efnahagsreikningunum 1926 og 1927. Þá verður og að taka tillit til bréfs Gísla J. Johnsen til Íslandsbanka, dags. 7. dez. 1927, þar sem hann telur, að mótorbátarnir ættu að vera með veiðarfærum kr. 200000,00 að minnsta kosti; það er skrifað á þeim tíma er Gíslí J. Johnsen hlaut að vita, að ekki dugði að gera of lítið úr gjaldþoli sínu. Að þessum sundurleitu gögnum athuguðum, þykir stefndu að réttarins áliti að minnsta kosti ekki hafa tekizt að færa sönnur á, að vélbátar og veiðarfæri hafi verið verðmeiri við gildistöku kaupmálans en efnahagsreikningurinn pr. 31. dez. 1927 gefur til kynna.

#### V. Vörubirgðir og útistandandi skuldir:

a) *Vörubirgðir.* Á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1927 eru erlendar vörur bókfærðar á kr. 166240.09. Stefndandi krefst þess, að vörubirgðirnar séu færðar niður um helming. Visar hann í því efni sérstaklega til áður nefnds bréfs G. J. Johnsen til Íslandsbanka dags. 7. dez. 1927, en í því bréfi segir hann: „Vitanlega á ég í Vestmannaeyjum allmiklar vörubirgðir og útistandandi skuldir. Að minnsta kosti er hvorttveggja ekki of metið á kr. 300000,00“. Kveður stefndandi G. J. Johnsen hafa verið allþrengdan er hann skrifaði bréfið, og hafi hann boðizt

til að gera samning við bankann um skuldir sínar. Hins vegar sé á efnahagsreikningnum pr. 31. dez. 1927 vörubirgðir og útistandandi skuldir taldar samtals kr. 736305.98. Stefnda mótmælir því, að nefnt bréf sanni nokkuð í þessu efni. Það hafi verið ritað fyrir áramót og þessvegna áður en gert var upp. Hafi G. J. Johnsen ekki séð ástæðu til að nefna hærri upphæð, þótt hann hafi getað sagt sér sjálfur, að vörubirgðir og útistandandi skuldir væru meira virði en hann tilgreindi. Því að upphæðin sem hann nefndi, hafi nægt fullkomlega til þess að sýna, að skuldir hans við bankann voru tryggar eins og þá stóðu sakir. Þá leggur stefnda fram sundurliðað yfirlit yfir vörubirgðir Gísla J. Johnsen samkvæmt vörutalningabók pr. 31. dez. 1926, er sýnir að Gísli J. Johnsen dró á efnahagsyfirlitinu við nefnd áramót  $33\frac{1}{3}\%$  frá brúttóverði og  $7\frac{1}{2}\%$  frá nettóverði vörubirgðanna. Telur stefnda að þetta muni vera hærra en ástæða er til í raun og veru; þannig munu samvinnufélögin t. d. ekki draga nema 20% frá útsöluverði. Þessu síðast nefnda atriði til sönnunar leggur stefnda fram útdrátt úr ræðu eftir Hallgrím heitinn Kristinsson forstjóra, er birtist í blaðinu „Tíminn“ 20. maí 1922. Loks leggur stefnda fram bréf frá Verzlunarráði Íslands til sönnunar því, að afföllin séu að minnsta kosti eins mikil og tíðkast hjá kaupmönnum. Það athugast, að þessi frádráttur er miðaður við áramótin 1926—27, en nokkur líkindi eru til að sömu reglu hafi verið beitt við uppgjörið pr. 31. dez. 1929, enda því ekki beinlínis mótmælt að svo hafi verið.

b) *Útistandandi skuldir.* Bókfært verð þeirra á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1927 er kr. 570065.89. Samkvæmt skýrslum endurskoðenda þeirra, er fóru yfir bókhald G. J. Johnsen, eftir að hann varð gjaldþrota, voru allar útistandandi skuldir samkvæmt bókunum kr. 772752.16, en að frádregnum skuldum G. J. Johnsen sjálfs eða réttara sagt ýmsra greina atvinnurekstrar hans, spítalaskuld svonefndri, fyrndum skuldum og skuldum samkvæmt bók „B. D. námu útistandandi skuldir samkvæmt skýrslu nefndra endurskoðenda 1. jan. 1928, kr. 451036,14. Skulu nú þessar frádráttarupphæðir nánar athugaðar.

#### 1. Spítalaskuldin.

Samkvæmt skýrslu endurskoðendanna hefir hún verið pr. 31. dez. 1927 kr. 64433,71 (rjksl. 17), en einmitt þann dag hefir hún, kr. 60831,03, verið gefin eftir (rjksl. nr. 15). Ber þessvegna að taka til greina kröfu stefndu um að telja hana til útistandandi skulda á þeim tíma, er kaupmálinn tók gildi.

2. Skuldir ýmsra greina atvinnurekstrar G. J. Johnsen.

Þær nema pr. 31. dez. 1927 kr. 216836,40 (sbr. rjksl. nr. 17). Telja endurskoðendurnir að ekki sé hægt að telja þessa upphæð til útistandandi skulda. Stefnda viðurkennir, að hér sé ekki um raunverulega skuld að ræða, því að maður geti ekki skuldað sjálfum sér í lögfræðilegri merkingu þess orðs, en þetta séu hinsvegar ýmsar nauðsynjar keyptar til útgerðarinnar og annara fyrirtækja Gísla J. Johnsen; sé þessvegna um eign að ræða, sem færð sé sem skuld þessarar greinar atvinnurekstrarins við G. J. Johnsen eða verzlun hans. Þessu mótmælir stefnandi eindregið. Kveður hann þetta muni vera aðallega nauðsynjar til mótorbátanna o. fl. og komi ekki til mála, að það sé nein eignaaukning. Með skirskotun til skýrslu endurskoðendanna svo og þess, að stefndu hefir ekki tekizt að sanna, að hér hafi verið um eign að ræða, verður ekki hægt að taka tillit til þessa liðs.

Endurskoðendur telja eins og áður er sagt útistandandi skuldir pr. 31. dez. 1927 kr. 451036,14. Stefndandi krefst þess, að skuldir þessar verði ekki metnar hærra en 25% af nafnverði eða á kr. 112759,04. Vísar hann máli sínu til stuðnings til þess að útistandandi skuldir G. J. Johnsen við gjaldþrotið námu kr. 255000,00 að nafnverði, en voru seldar á kr. 19500,00 eða á 8% af nafnverði. Gegn þessu bendir stefnda á, að það nái ekki nokkurri átt að draga fyrst frá hinar hæpnu skuldir, „B. D.“ o. fl. og síðan 75% frá skuldunum; ennfremur bendir stefnda á, að skuldirnar hafi aðeins verið kr. 255000,00 þegar G. J. Johnsen varð gjaldþrota, og sýnir það að skuldirnar hafi innheimtzt vel. Þá kveður hún innborganir á reikninga 1926—1928 hafa numið:

|      |       |                |
|------|-------|----------------|
| 1926 | ..... | kr. 2165564,47 |
| 1927 | ..... | — 2022870,47   |
| 1928 | ..... | — 4116928,02   |

og sýni þetta, hversu vel skuldirnar hafi innheimtzt.

Stefnda leggur loks fram útdrátt úr 30. tbl. blaðsins „Tíminn“, sem út kom 10. maí 1931, en í nefndri grein eru upplýsingar um, hvernig gengið hafi að innheimta útistandandi skuldir Kaupfélags Eyfirðinga. Samkvæmt því hafi félagið átt útistandandi skuldir um hálfa milljón króna árið 1921, en árið 1929 hafi skuldirnar verið komnar niður í kr. 29000.00.

c) Þau gögn sem stefnda hefir lagt fram, sanna, að ekki ber að draga frá útistandandi skuldum neitt líkt því eins mikið og stefnandi krefst, en hinsvegar verður að telja vafasamt, að rétt sé að taka vörubirgðirnar til greina með bókfærðu verði og skuldirnar með fullu nafnverði eins og endurskoðendurnir telja þær sbr. og margnefnt bréf G. J. Johnsen til Íslandsbanka. Endurskoðendurnir segja um skuldirnar: „Um verðmæti þessara skulda getum við ekkert fullyrt, þ. e. a. s. við getum ekki gert okkur grein fyrir hæfilegum afföllum. Liggja þannig ekki fyrir réttinum nægileg skilríki til að ákveða hæfileg afföll.

#### VI. Hlutabréf:

Stefnda hefir lagt fram sundurliðaða skýrslu yfir hlutabréfaeign G. J. Johnsen pr. 31. dez. 1926 ásamt mati hans á þeim á sama tíma. Er það mat mun herra en bókfært verð. Slik sundurliðun og mat liggur ekki fyrir yfir hlutabréfin pr. 31. dez. 1927. Að þessu athuguðu fær rétturinn ekki séð, að fært sé að leggja annað mat á bréf þessi en bókfært verð pr. 31. dez. 1927.

Á efnahagsreikningi G. J. Johnsen pr. 31. dez. 1927 er tap samkvæmt rekstrarreikningi það ár talið kr. 106963,80. Í bréfi sem endurskoðendafirmað N. Manscher & Björn Árnason rituðu bankastjórn Íslandsbanka 17. júní 1929, lýsa þeir því yfir, að þeir hafi komizt að þeirri niðurstöðu við athugun á fylgiskjölum og fleiru fyrir árið 1927—1928, tapað pr. 31. dez. 1927 hefði átt að vera kr. 77358,04 herra en talið er á efnahagsreikningnum. Tapið pr. 31. dez. 1927 hafi þannig numið kr. 184321,84 og hefði því höfuðstólsreikningurinn átt að vera kr. 159379,17 í stað kr. 236737,21.

Þær tölur, sem samkvæmt framanrituðu, ber fyrst og fremst að draga frá á efnahagsreikningi Gísla J. Johnsen pr. 31. dez. 1927 eru:

1. Húseignin Túngata 18, Reykjavík .... kr. 137698,35
2. Á útistandandi skuldum kr. 570065,89 ÷  
45103,14 + 64433,71 (spítalinn rskjl. nr. 17 — 54596,04
3. Samkvæmt skýrslu endurskoðendanna N.  
Manscher & Björns Árnason ..... — 77358,04

---

Alls kr. 269652,43

Til hækkunar kemur hinsvegar:

Á vélunum í áburðarverksmiðjunni kr. 115000,00 ÷  
113750,45 = kr. 1249,55.

Efnahagsreikningurinn pr. 31. dez. 1927 sýnir eignir umfram skuldir kr. 236737,21. Þar sem hér við bætist, að tæplega verður talið að stefndu hafi tekizt að sanna að sumir eignaliðir hafi verið eins mikils virði við gildistöku kaupmálans eins og þeir eru taldir á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1927, að efnahagsreikningurinn pr. 31. dez. 1928 sýnir eign kr. 217796,68 og efnahagsreikningurinn pr. 31. okt. 1929 aðeins kr. 70875,73 skuld, að yfir hálfa aðra milljón vantar í þrotabú G. J. Johnsen til greiðslu skulda eftir að eignirnar hafa verið seldar við gjaldþrotið án þess sýnt sé fram á, frá hvaða tíma þetta mikla tap stafaði aðallega. Þá þykir stefnda, frú Ásdis Johnsen, ekki hafa sannað, að maður hennar, G. J. Johnsen, hafi átt nægilegt fé fyrir skuldum 3. sept. 1927, er kaupmálinn milli þeirra hjóna tók gildi. Verður þess vegna samkvæmt 27. gr. laga nr. 25 frá 1929 að dæma nefndan kaupmála ógildan og skylda stefndu, frú Ásdisi Johnsen, til að afhenda þrotabúi manns síns, G. J. Johnsen, eignir þær, er gerðar voru séreign hennar, með kaupmála þeirra hjóna, tilkynntum 3. sept. 1927. Með því að stefnda þykir hafa haft ástæðu til að neita að afhenda þrotabúinu séreignina fyr en dómsúrskurður var um það genginn, hvort kaupmálann skyldi rifta svo og að ekkert er komið fram í málinu um það, að stefnda hafi haft vitneskju um, að maður hennar ætti ekki nægilegt fé fyrir skuldum, er kaupmálinn var gerður, þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Um kröfu stefnanda, að veðsetningu þá á húseigninni nr. 18 við Túngötu, Reykjavík, er frú Ásdis Johnsen framkvæmdi með veðbréfi dags. 23. dez. 1927 til Íslandsbanka, skuli rifta, skal það tekið fram að ekki verður séð af skjöl-

um málsins, að stefnanda hafi tekizt að sanna að nefnd veðsetning hafi verið með þeim hætti, að hana beri að rifta, samkv. 28. gr. 1. nr. 25, 14. júní 1929. Með tilliti til þessarar niðurstöðu þykir rétt að stefnandi, skiptaráðandi Þórður Eyjólfsson, f. h. þrotabús Gísla J. Johnsen, greiði stefndum, Útvegsbanka Íslands h/f, kr. 250 í málskostnað.

---

Miðvikudaginn 31. jan. 1934.

Nr. 43/1933. **Bæjarstjórn Hafnarfjarðar**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Hellyer Bros Ltd.** (Lárus Fjeldsted).

Útsvarsmál.

*Úrskurður fógataréttar Hafnarfjarðar 10. marz 1933:*  
Hin umbeðna lögtaksgjörð skal ekki ná fram að ganga.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir í hæstarétti krafizt þess, að hin-um áfrýjaða úrskurði verði breytt á þá leið, að lög-tak skuli fram fara í eignum hins stefnda firma fyrir útsvari því, er ræðir um í máli þessu, og að hið stefnda firma verði dæmt til að greiða máls-kostnað í hæstarétti eftir mati réttarins. Af hálfu stefnds er þess krafizt, að úrskurðurinn verði stað-festur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað í hæstarétti.

Hið stefnda firma á eigi lögheimili hér á landi, en áfrýjandi telur það útsvarskylt til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar samkv. 1. nr. 46, 15. júní 1926 gr. 6 B. 2, þar sem það eigi eignir í Hafnarfirði, er arð gefi. Hefir áfrýjandi skýrt svo frá, að auk fast-eigna þeirra, er getið er í forsendum hins áfrýjaða